

Samkomulag um samstarf Náttúruminjasafns Íslands og Líffræðistofu Háskóla Íslands

Náttúruminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði náttúrufræða, vísinda- og þjónustustofnun sem lögum samkvæmt skal sinna rannsóknum á fræðasviði sínu og vera miðstöð miðlunar á upplýsingum, fróðleik og þekkingu um náttúru Íslands, náttúrusögu, náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda.

Líffræðistofa Háskóla Íslands sinnir fjölbreyttum rannsóknum á lífríki lands og lagar. Markmið hennar er að stunda alþjóðlega samkeppnishæfar líffræðirannsóknir og mennta framhaldsnema til að vinna sjálfstætt að vísindalegum verkefnum.

Náttúruminjasafn Íslands og sérfræðingar á Líffræðistofu Háskóla Íslands gera með sér samkomulag þetta með það að markmiði að *rannsaka líffræði og sögu rostunga við Ísland*.



Verkefnið:

1. Fyrirhugað er að framkvæma tvennskonar greiningar á safni rostungsbeina sem Náttúruminjasafnið hefur aðgang að og umsjón með. Safnkosturinn tekur til tanna, hauskúpa og fleiri beina sem fundist hafa hér á landi á undanförnum 100 árum eða svo ($n \sim 50$). Í fyrsta lagi er markmiðið að kanna lögun og útlit rostungsbeina með aðferðum svipfarsgreiningar (e. morphometrics) m.t.t. einstaklinga, staða og tímabila. Þær rannsóknaspurningar sem verða í forgrunni snúast um hve mikill breytileiki er í stærð og lögun rostungsbeina og hvort og að hvaða leyti breytileiki kunni að vera bundinn landsvæðum eða tímabilum. Hinn hluti verkefnisins snýst um DNA greiningu á beinaleifum rostunga. Elstu leifarnar eru liðlega tvö þúsund ára gamlar (2200 BP) og þar á meðal eru bein fjögurra einstaklinga sem fundust fyrir nokkrum árum á sama stað á sama tíma í landi Barðastaða, Helgafellssveit. Rannsóknarspurningar snúast einkum um innbyrðis skyldleika rostunga hér á landi og skyldleika þeirra við rostunga annars staðar við N-Atlantshaf.
2. Verkefnistjórar eru Arnar Pálsson og Snæbjörn Pálsson í samvinnu við Náttúruminjasafnið. Verkefnið byggist á efniviði safnsins og safnkosti systurstofnunar þess, Náttúrufræðistofununar Íslands, enda samræmist nýting safnkostsins gildandi samstarfssamningi stofnananna. Verkefnið er hugsað sem meistaraverkefni fyrir líffræðing með áhuga á dýra-, vist- og þróunarfræði. Viðkomandi fengi aðstöðu á Líffræðistofu og Náttúruminjasafninu (hugsanlega einnig á Náttúrufræðistofnun) fyrir gagnaöflun og úrvinnslu. Áætluð verklok eru 2017, en áfangaskýrsla verður rituð í lok áranna 2015 og 2016.
3. Afrakstur verkefnisins verður að vonum ný grundvallarþekking á breytileika og innbyrðis skyldleika rostunga sem lifað hafa hér við land og skyldleika þeirra við rostunga annars staðar við norðanvert Atlantshaf. Niðurstöðurnar verða kynntar í fræðigreinum og skýrslum, fyrilestrum, málþingum og á vefmiðlum.
4. Verkefnið er háð fjármögnun og munu samstarfsaðilar sækja um styrki til að tryggja framgang þess.

Reykjavík, 23. janúar 2015

f.h. Náttúruminjasafns Íslands


f.h. Líffræðistofu Líf- og umhverfisvísenda-
stofnunar Háskóla Íslands

Hilmir J. Malmquist
forstöðumaður

Ólafur S. Andrésson
stofustjóri

Vottar:


Birna Þórhallsdóttir

S 101